

Umhverfisnefnd Alþingis.
Sigrún Brynja Einarsdóttir.
Alþingi.
150 Reykjavík

Grindavíkurbær
Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1115
komudagur 25. 2. 2004



Grindavík 23. febrúar 2004.

EFNI: Umsögn um þingsályktunartillögu um náttúruvernd 2004-2008 mál nr. 477.

Bæjarráð Grindavíkur tók fyrir erindi yðar dags. 18. febrúar s.l. varðandi umsögn um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Eftir að hafa farið yfir þingsályktunartillöguna þá vill bæjarráð benda á að á svæðinu fer fram veruleg jarðhitavinnsla og verið er að leggja í miklar framkvæmdir á næstu árum við nýtingu jarðhita og afleiddrar starfsemi.

Jafnframt vill bæjarráð vekja athygli á að innan svæðisins sem tillagan er gerð um hefur þegar verið deili skipulagt iðnaðarsvæði á tveim stöðum annars vegar við jarðhitasvæði og hins vegar austan við Háleyjarbungu þar sem deili skipulagt svæði er fyrir fiskeldi.


Það er mat bæjarráðs að svæðið í heild sinni sé mjög sérstak jafn á yfirborði sem undir yfirborði og taka verði tillit til bæði náttúruverndar og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Bæjarráð Grindavíkur tekur undir áhyggjur Hitaveitu Suðurnesja af framtíðarvinnslumöguleikum jarðhita á svæðinu og telur að taka þurfi fullt tillit til þeirra röksemda sem þar liggja að baki.

Bæjarráð leggur til að svæðið verði minnkað og aðeins þeir staðir sem merkilegir eru út frá náttúruverndarsjónarmiði verði friðlýstir en ekki svæðið í heild sinni.

Eftirfarandi er bókun bæjarráðs,

Bæjarráð leggur til að svæðið verði minnkað og aðeins þeir staðir sem merkilegir eru út frá náttúruverndarsjónarmiðum verði friðlýstir og leggst gegn friðlýsingu svæðisins í heild sinni. Bæjarráð leggur mikla áherslu á að möguleikar til nýtingar náttúruauðlinda á svæðinu verði ekki skertir.

Kveðja.

Ólafur Örn Ólafsson
bæjarstjóri.